

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, breytt lega vegar og ný tenging við þéttbýlið í Vopnafirði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. október 2011 breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 sem samþykkt var í sveitarstjórn 25. ágúst 2011.

Í breytingunni felst að legu Norðausturvegar við þéttbýlið á Vopnafirði og tengingum er breytt. Hringtorg er felld niður og nýtt hringtorg kemur í stað tengingar. Göngu- og reiðleiðir breytast og íbúðarsvæði vestan kirkjugarðs er minnkað og afmörkun þess breytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 10. október 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.